

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1559****2021/EES/26/21****frá 26. október 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽²⁾.
- 2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 ⁽⁴⁾ var upphafleg skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem komið var á í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, leiðrétt með því að skipta þeim viðauka út. Í millitíðinni voru samþykktar átta framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar, (ESB) 2018/460 ⁽⁵⁾, (ESB) 2018/461 ⁽⁶⁾, (ESB) 2018/462 ⁽⁷⁾, (ESB) 2018/469 ⁽⁸⁾, (ESB) 2018/991 ⁽⁹⁾, (ESB) 2018/1011 ⁽¹⁰⁾, (ESB)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 357, 27.10.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjútíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (Stjútíð. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/460 frá 20. mars 2018 um leyfi til að setja á markað flórótannín úr *Ecklonia cava* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 78, 21.3.2018, bls. 2).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/461 frá 20. mars 2018 um leyfi fyrir rýmku á notkun á taxifólinaudugum útdrætti sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 78, 21.3.2018, bls. 7).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/462 frá 20. mars 2018 um leyfi fyrir rýmku á notkun á L-ergóþíoneíni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 78, 21.3.2018, bls. 11).

⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/469 frá 21. mars 2018 um leyfi til að setja á markað útdrátt þriggja plönturóta (*Cynanchum wilfordii* Hemsley, *Phlomis umbrosa* Turcz. og *Angelica gigas* Nakai) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 79, 22.3.2018, bls. 11).

⁽⁹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/991 frá 12. júlí 2018 um leyfi til að setja á markað vatnsrofsefni lýsósíms úr hænueggjahvítum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 177, 13.7.2018, bls. 9).

⁽¹⁰⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1011 frá 17. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmku á notkun á sveppum, meðhöndluðum með útfjólubláu ljósi, sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjútíð. ESB L 181, 18.7.2018, bls. 4).

2018/1018 ⁽¹⁾ og (ESB) 2018/1032 ⁽²⁾, um leyfi til setja nýfæði á markað eða til að rýmka notkun nýfæðis, eftir því sem við á. Í þessum framkvæmdarreglugerðum var skrá Sambandsins einnig uppfærð. Þetta nýfæði og rýmkunin á notkun nýfæðis koma þó ekki lengur fram í skránni eins og henni var skipt út með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1023.

- 4) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti því að breyta skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þannig að hún nái aftur yfir þetta nýfæði og rýmkunina á notkun nýfæðis. Þar eð þetta nýfæði og rýmkunin á notkun nýfæðis voru með í skrá Sambandsins þangað til framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1023 öðlaðist gildi 13. ágúst 2018 ætti þessi reglugerð að gilda frá og með þeim degi.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. ágúst 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1018 frá 18. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmkun á notkun brauðgers, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 9).

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1032 frá 20. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmkun á notkun olíu úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 185, 23.7.2018, bls. 9).

VIÐAUKI

Viðaukanum er breytt sem hér segir:

1) Töflu 1 (Leyft nýfæði) er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „olífa úr *Echium plantagineum*“ og færslunnar „vatnsrofsefni úr egghimnu“:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Flórótannín úr <i>Ecklonia cava</i>“	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „flórótannín úr <i>Ecklonia cava</i> “. Á fæðubótarefnum sem innihalda flórótannín úr <i>Ecklonia cava</i> skal vera eftirfarandi yfirlýsing: a) Börn/unglingar yngri en tólf/fjórtán/átján (*) ára skulu ekki neyta þessa fæðubótarefnis. b) Einstaklingar með skjaldkirtilssjúkdóm, eða einstaklingar sem vita að þeir eru í eða hafa verið tilgreindir sem í hættu á að þróa með sér skjaldkirtilssjúkdóm, skulu ekki neyta þessa fæðubótarefnis. c) Ekki skal neyta þessa fæðubótarefnis ef annarra fæðubótarefna, sem innihalda jöð, er einnig neytt. (*) Með hliðsjón af aldursflokknum sem fæðubótarefnið er ætlað fyrir.“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum börnum yngri en 12 ára	163 mg/dag fyrir 12 til 14 ára gamla unglunga 230 mg/dag fyrir unglunga eldri en 14 ára 263 mg/dag fyrir fullorðna		

b) Í stað færslunnar „taxifólinauðugur útdráttur“ kemur eftirfarandi:

„Taxifólinauðugur útdráttur“	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „taxifólinauðugur útdráttur“	
	Hrein jógúrt/jógúrt með aldinum (*)	0,020 g/kg		
	Kefir (*)	0,008 g/kg		
	Áfir (*)	0,005 g/kg		
	Mjólkurduft (*)	0,052 g/kg		
	Rjómi (*)	0,070 g/kg		
	Sýrður rjómi (*)	0,050 g/kg		
	Ostur (*)	0,090 g/kg		
	Smjör (*)	0,164 g/kg		
	Súkkulaðisælgæti	0,070 g/kg		

	Óáfengir drykkir	0,020 g/L		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum, smábörnum, börnum og unglingum yngri en 14 ára	100 mg/dag		
	(*) Þegar taxifólínauðugur útdráttur er notaður í mjólkurvörur má hann ekki koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur.			

c) Í stað færslunnar „L-ergóþíoneín“ kemur eftirfarandi:

„L-ergóþíoneín	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „L-ergóþíoneín“
	Óáfengar drykkjarvörur	0,025 g/kg	
	Drykkir, að stofni til úr mjólk	0,025 g/kg	
	„Ferskar“ mjólkurvörur (*)	0,040 g/kg	
	Kornstangir	0,2 g/kg	
	Súkkulaðisælgæti	0,25 g/kg	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	30 mg/dag fyrir almenning (að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti) 20 mg/dag fyrir börn eldri en 3 ára	
	(*) Þegar L-ergóþíoneín er notað í mjólkurvörur má það ekki koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur.		

d) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „L-ergóþíoneín“ og færslunnar „járn(III)natrium-EDTA“:

„Útdráttur þriggja plönturóta (Cynanchum wilfordii Hemsley, Phlomis umbrosa Turcz. og Angelica gigas Nakai)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „útdráttur þriggja plönturóta (Cynanchum wilfordii Hemsley, Phlomis umbrosa Turcz. og Angelica gigas Nakai)“.
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	175 mg/dag	Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda útdráttarblöndu úr plönturótunum þremur skal vera yfirlýsing, nálægt listanum yfir innihaldsefni, þess efnis að einstaklingar, sem vitað er að eru með ofnæmi fyrir selleríi, skuli ekki neyta þeirra.“

- e) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „Lýkópenóleóresín úr tómötum“ og færslunnar „magnesiumsíttratmalat“:

„Vatnsrofsefni lýsósíms úr hænueggjahvítum	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða fæðubótarefnanna sem innihalda það, skal vera „vatnsrofsefni lýsósíms úr hænueggjahvítum“.
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	1000 mg/dag	

- f) Í stað færslunnar „sveppir, meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi (*Agaricus bisporus*)“ kemur eftirfarandi:

„Sveppir, meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi (<i>Agaricus bisporus</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi D₂-vítamíns</i>	1. Heiti nýfæðisins sem slíks á merkimiðanum eða matvælna sem innihalda það skal vera „sveppir, meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi (<i>Agaricus bisporus</i>)“. 2. Heiti nýfæðisins sem slíks á merkimiðanum eða matvælna sem innihalda það skal fylgja ábendingin „stýrð meðhöndlun með ljósi var notuð til að hækka D-vítamíngildin“ eða „meðhöndlun með útfjólubláu ljósi var notuð til að hækka D ₂ -vítamíngildin“.
	Sveppir (<i>Agaricus bisporus</i>)	20 µg af D ₂ -vítamíni/100 g votvigt	

- g) Í stað færslunnar „brauðger, meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)“ kemur eftirfarandi:

„Brauðger, meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (<i>Saccharomyces cerevisiae</i>)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi D₂-vítamíns</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „D-vítamínger“ eða „D ₂ -vítamínger“ 1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla, skal vera „D-vítamínger“ eða „D ₂ -vítamínger“. 2. Á merkimiða nýfæðisins skal vera yfirlýsing þess efnis að matvælin séu einungis ætluð til baksturs og að ekki skuli borða þau hrá. 3. Á merkimiða nýfæðisins skulu vera notkunarleiðbeiningar fyrir lokaneytendur þannig að ekki verði farið yfir hámarksstyrk sem nemur 5 µg/100 g af D ₂ -vítamíni í fullnum, heimabökuðum vörum.
	Brauð og smábrauð úr gerdeigi	5 µg af D ₂ -vítamíni/100 g	
	Fínt kaffibrauð úr gerdeigi	5 µg af D ₂ -vítamíni/100 g	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB		
	Forpakkað nýtt ger eða þurrger til heimabaksturs	45 µg/100 g af nýju geri 200 µg/100 g af þurrgeri	

h) Í stað færslunnar „olía úr *Schizochytrium* sp. (T18)“ kemur eftirfarandi:

„Olía úr <i>Schizochytrium</i> sp. (T18)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr smásæju þörungunum <i>Schizochytrium</i> sp.“.
	Mjólkurvörur, að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólk	200 mg/100 g eða, að því er varðar ostaafurðir, 600 mg/100 g	
	Mjólkurvöruhliðstæður að undanskildum drykkjum	200 mg/100 g eða, að því er varðar ostaafurðahliðstæður, 600 mg/100 g	
	Smyrjanleg fita og salatsósar	600 mg/100 g	
	Morgunkorn	500 mg/100 g	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	250 mg af dókósaheksensýru/dag fyrir almenning 450 mg af dókósaheksensýru/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti	
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumálfíðir til að stýra þyngd	250 mg/málfíð	
	Drykkir, að stofni til úr mjólk og svípaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn	200 mg/100 g	
	Matvæli sem eru ætluð til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum		
	Matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir	
	Bakarísvörur (brauð, smábrauð og sætt kex)	200 mg/100 g	
	Kornstangir	500 mg/100g	
	Fita til matargerðar	360 mg/100 g	

Óáfengir drykkir (þ.m.t. mjólkur- vöruhliðstæður og drykkir, að stofni til úr mjólk)	80 mg/100 ml		
Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013		
Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	200 mg/100 g		
Aldin-/grænmetismauk	100 mg/100 g		

2) Töflu 2 (nákvæm skilgreining) er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „olía úr *Echium plantagineum*“ og færslunnar „vatnsrofsefni úr egghimnu“:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Flórótannín úr <i>Ecklonia cava</i>	<p>Lýsing/Skilgreining Flórótannín úr <i>Ecklonia cava</i> fást með alkóhólútdrætti úr ætu sjávarþörungunum <i>Ecklonia cava</i>. Útdrátturinn er dökkbrúnt duft, auðugt af flórótannínum, pólýfenólefnasamböndum sem finnast sem fylgiambrotsefni í tilteknum tegundum brúnþörungum.</p> <p>Eiginleikar/samsetning Flórótanníninnihald: 90 ± 5% Andoxunarvirkni: > 85% Raki: < 5% Aska: < 5%</p> <p>Örverufræðilegar viðmiðanir Heildarfjöldi lífvænlegra fruma: < 3 000 CFU/g Myglusveppir/gersveppir: < 300 CFU/g Kólígerlar: Neikvæð prófun <i>Salmonella</i> spp.: Neikvæð prófun <i>Staphylococcus aureus</i>: Neikvæð prófun</p> <p>Pungmálmur og halógenar Blý: < 3,0 mg/kg Kvikasilfur: < 0,1 mg/kg Kadmíum: < 3,0 mg/kg Arsen: < 25,0 mg/kg Ólífraent arsen: < 0,5 mg/kg Jod: 150,0–650,0 mg/kg CFU: Þyrpingamyndandi einingar“</p>

- b) Í stað „skilgreining“ í færslunni „taxifólinauðugur útdráttur“ kemur eftirfarandi:

„Taxifólinauðugur útdráttur	Skilgreining Efnahætti: [(2R,3R)-2-(3,4-dihýdroxýfenýl)-3,5,7-tríhýdroxý-2,3-dihýdrókrómen-4-ón, einnig kallað (+)trans-(2R,3R)-dihýdrókersetín] og með að hámarki 2% af cis-hverfu“
-----------------------------	--

- c) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „L-ergópíoneín“ og færslunnar „járn(III)natríum-EDTA“:

„Útdráttur þriggja plönturóta (<i>Cynanchum wilfordii</i> Hemsley, <i>Phlomis umbrosa</i> Turcz. og <i>Angelica gigas</i> Nakai)	<p>Lýsing/Skilgreining Blanda þriggja plönturóta er gulbrúnt fínt duft, framleitt með útdrætti með heitu vatni, styrkingu með uppgufun og úðaþurrkun</p> <p>Samsetning útdráttarblöndu úr plönturótunum þremur Rót af <i>Cynanchum wilfordii</i>: 32,5% (massahlutfall) Rót af <i>Phlomis umbrosa</i>: 32,5% (massahlutfall) Rót af <i>Angelica gigas</i>: 35,0% (massahlutfall)</p> <p>Nákvæm skilgreining Efnistap við þurrkun: Ekki meira en 100 mg/g</p> <p>Magngreining Sinnamínsýra: 0,012–0,039 mg/g Shanshisíðmetýlester: 0,20–1,55 mg/g Nódakenín: 3,35–10,61 mg/g Metoxsalen: < 3 mg/g Fenól: 13,0–40,0 mg/g Kúmarín: 13,0–40,0 mg/g Írídóíð: 13,0–39,0 mg/g Sapónín: 5,0–15,5 mg/g</p> <p>Næringarþættir Kolvetni: 600–880 mg/g Prótín: 70–170 mg/g Fita: < 4 mg/g</p> <p>Örverufræðilegar breytur Heildarlíftala samtals: < 5000 CFU/g Myglusveppir og gersveppir samtals: < 100 CFU/g Kólígerlar: < 10 CFU/g <i>Salmonella</i>: Ekkert/25 g <i>Escherichia coli</i>: Ekkert/25 g <i>Staphylococcus aureus</i>: Ekkert/25 g</p> <p>Þungmálmar Blý: < 0,65 mg/kg Arsen: < 3,0 mg/kg Kvikasilfur: < 0,1 mg/kg Kadmíum: < 1,0 mg/kg CFU: Þyrpingamyndandi einingar“</p>
---	--

d) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar „lýkópenóleóresín úr tómötum“ og færslunnar „magnesiumsítatmalat“:

<p>„Vatnsrofefni lýsósíms úr hæueggjahvítum</p>	<p>Lýsing/Skilgreining Vatnsrofefni lýsósíms úr hæueggjahvítum fæst úr lýsósími úr hæueggjahvítum með ensímvinnslu þar sem notað er súbtilisín úr <i>Bacillus licheniformis</i>. Afurðin er hvítt yfir í fölgult duft.</p> <p>Nákvæm skilgreining Prótín (TN (*) × 5,30): 80–90% Trýptófan: 5–7% Hlutfall trýptófans/LNAA (**): 0,18–0,25 Vatnsrofsstig: 19–25% Raki: < 5% Aska: < 10% Natríum: < 6%</p> <p>Pungmálmur Arsen: < 1 milljónarhluti Blý: < 1 milljónarhluti Kadmíum: < 0,5 milljónarhluti Kvikasilfur: < 0,1 milljónarhluti</p> <p>Örverufræðilegar viðmiðanir Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 10³ CFU/g Heildarfjöldi samanlagðra ger- og myglusveppa: < 10² CFU/g Iðrabakteríur: < 10 CFU/g <i>Salmonella</i> spp: Finnst ekki í 25 g <i>Escherichia coli</i>: Finnst ekki í 10 g <i>Staphylococcus aureus</i>: Finnst ekki í 10 g <i>Pseudomonas aeruginosa</i>: Finnst ekki í 10 g</p> <p>(*) TN: Heildarmagn köfnunarefnis (**) LNAA: stórar, hlutlausar aminosýrur“</p>
---	--

e) Í stað færslunnar „sveppir, meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi (*Agaricus bisporus*)“ kemur eftirfarandi:

<p>„Sveppir, meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi (<i>Agaricus bisporus</i>)</p>	<p>Lýsing/Skilgreining Uppskornir sveppir af tegundinni <i>Agaricus bisporus</i>, sem eru ræktaðir til sölu, eru meðhöndlaðir með útfjólubláu ljósi. Geislun með útfjólubláu ljósi: geislun með útfjólubláu ljósi innan bylgjulengdarinnar 200–800 nm.</p> <p>D₂-vítamín Efnaheiti: (3β,5Z,7E,22E)-9,10-sekóergósta-5,7,10(19),22-tetraen-3-ól Samheiti: Ergókalsíferól CAS-nr.: 50-14-6 Sameindabyngd: 396,65 g/mól</p> <p>Innihald D₂-vítamín í fullunnu vörunni: 5–20 µg/100 g votvigt við lok geymsluþols.“</p>
--	---

f) Í stað færslunnar „brauðger, meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*)“ kemur eftirfarandi:

„Brauðger, meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (<i>Saccharomyces cerevisiae</i>)	Lýsing/Skilgreining Brauðger (<i>Saccharomyces cerevisiae</i>) er meðhöndlað með útfjólubláu ljósi til að ergósteról umbreytist yfir í D ₂ -vítamín (ergókalsíferól). Innihald D ₂ -vítamíns í gerþykkni er breytilegt á bilinu 800 000–3 500 000 IU af D-vítamíni/100 g (200–875 µg/g). Hægt er að gera gerið óvirkt. Gerþykknið er blandað með venjulegu brauðgeri til að ekki sé farið yfir hámarksgildin í forpökkuðu nýju geri eða þurrgeri til heimabaksturs. Gulbrún, léttfljótandi korn. D₂-vítamín Efnaheiti: (5Z,7E,22E)-(3S)-9,10-sekóergósta-5,7,10(19),22-tetraen-3-ól Samheiti: Ergókalsíferól CAS-nr.: 50-14-6 Sameindþyngd: 396,65 g/mól Örverufræðilegar viðmiðanir fyrir gerþykknið Kólígerlar: ≤ 10 ³ /g <i>Escherichia coli</i> : ≤ 10/g <i>Salmonella</i> : Finnst ekki í 25 g“
--	--